Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 21. nóvember 2023
23071020/003.02 ABS

Reglur um heimgreiðslur

1. gr.
Markmið

Kópavogsbær veitir foreldrum/forsjáraðilum barna 15 mánaða og eldri heimgreiðslur vegna barna sem hvorki eru í dvöl hjá dagforeldri né í leikskóla.

2. gr.
Skilyrði

Greiðslur eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

- Barn sé með lögheimili í Kópavogi.
- Barn njóti ekki annarra niðurgreiðslna frá Kópavogsbæ vegna dvalar barnsins.
- Barn sé á biðlista eftir dvöl í leikskóla í Kópavogi.

3. gr.
Umsókn

Sækja þarf um heimgreiðslur vegna barns í Þjónustugátt Kópavogsbæjar. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar til þess að taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum á eftir. Aðeins þarf að sækja um heimgreiðslur einu sinni. Heimgreiðslur eru ekki afturvirkar.

4. gr.
Afgreiðsla

Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð 15 mánaða aldri. Heimgreiðslur reiknast frá þeim degi sem barn verður 15 mánaða.

Greiðslur falla niður þegar barn hefur dvöl í leikskóla eða hjá dagforeldri með starfsleyfi.
Greiðslur falla niður ef dvöl í leikskóla er hafnað vegna barna sem eru 30 mán. eða eldri.
Greiðslur falla niður við flutning á lögheimili barnsins úr sveitarfélaginu.

Heimgreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári, ekki er greitt vegna júlí mánaðar.

5. gr.
Upphæð

Mánaðarleg heimgreiðsla er 107.176 kr.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

6. gr.
Uppgjör

Menntasvið hefur umsjón með framkvæmd heimgreiðslna Kópavogsbæjar. Greiðslur fara fram í fyrstu viku hvers mánaðar með rafrænum hætti.

7. gr.
Leiðréttingar

Verði um ofgreiðslu að ræða áskilur Kópavogsbær sér rétt til endurgreiðslu, m.a. í tilvikum þar sem ofgreiðsla kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu.

Reglur þessar gilda frá 1. janúar 2024
Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs í nóvember 2023.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026